



UMHVERFISSTOFNUN

# Gönguleiðir í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli



## Hvert skal halda?

Margar og fjölbreyttar gönguleiðir eru í og við Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, og ættu allir að geta fundið leið við sitt hæfi. Sumar þeirra eru stíkaðar eða merktar og flestar er auðvelt að rata. Hægt er að tengja gönguleiðirnar saman á ýmsan hátt. Vert er að hafa í huga að lítið er um yfirborðsvatn í Þjóðgarðinum, því er nauðsynlegt að hafa með

**Viða geta leynst ýmsar hættur og ávallt skal sýna varkærni. Sérstakrar varúðar þarf að gæta við:**

- Snæfellsjökul
- hraungjótur
- björg
- sjóinn

sér eitthvað að drekka þegar lagt er í göngu. Göngufólk sem ætlar sér í nokkurra daga göngu í gegnum Þjóðgarðinn er vinsamlegast beðið um að hafa samband við starfsmenn Þjóðgarðsins við upphaf ferðar og láta vita af ferðum sínum og áætluðum ferðatíma.

## Útbúnaður

Útbúnaður skiptir miklu máli í gönguferðum og miða þarf m.a. við hversu löng gangan skal vera. Það sem gott er að hafa í huga varðandi ferðabúnað er:

- » Góðir skór
- » Vatnsbrúsi með vatni
- » Léttur hlífðarfatnaður
- » Göngustafir
- » Sjónauki
- » Myndavél
- » Auka sokkar
- » Sólgleraugu
- » Sjúkrabúnaður
- » Áttaviti/GPS-tæki
- » Landkort



## 1. Írskrbrunnur – Gufuskálavör – Fiskbyrgi


STIKUÐ HRINGLEIÐ / 2 KM / 1 KLST. Í HEILD. Hægt er að ganga skemmtilega hringleið um Írskrbrunn, Gufuskálavör og fiskbyrgin. Gangan byrjar t.d. á bílastæðinu við Írskrbrunn. Eftir að brunurinn hefur verið skoðaður er gengið í átt að Gufuskálavör. Sú ganga tekur aðeins um 10 mínútur og er gengið framhjá gömlum öskuhaug á leiðinni. Róið var frá Gufuskálavör fyrr á öldum og er enn hægt að sjá kjalför á klöppunum í vörinni. Haldið er áfram meðfram rústum Gufuskálabajarins í átt að fiskbyrgjunum í hraunjaðrinum. Leiðin liggur yfir Útnesveg svo gæta þarf varúðar. Gangan frá Gufuskálavör að fiskbyrgjunum tekur um 25 mínútur og er gengið í gegnum hraunið seinasta spólinn. Síðan er haldið til baka að Írskrbrunni.

## Skýringar

- Gestastofa
- Viti
- Kirkja
- Upplýsingar
- Bílastæði
- Skipsstrand
- Tjaldstæði
- Golfvöllur
- Friðlystar Fornminjar
- Fuglaskoðunarstaðir
- Gönguleið nr.
- Gönguleið, stíkuð
- Gönguleið, óstíkuð
- Þéttbýli
- Aðalvegur
- Annar vegur
- Vegarslóð
- Friðland
- Náttúruvætti
- Þjóðgarður



© Landmælingar Íslands Kortagerð Jón Órvar G. Jónsson



**UMHVERFISSTOFNUN**  
 Suðurlandsbraut 24 - 108 Reykjavík  
 Sími 591 2000 - Fax 591 2020  
 Bein sími Þjóðgarðsins er 436 6888 og 436 6860  
 snaefellsjokull@ust.is www.umhverfisstofnun.is  
 Texti: Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull. Ljósmyndir: Snævarr Guðmundsson, Hákon Asgeirsson, Jóhann Óli Hilmarsson, Ásta Davíðsdóttir, Linda Blöck, Hallgrímsdóttir og Þórunn Sigþórsdóttir. Kortagerð: Jón Órvar Geirsson Jónsson. Kortin voru gerð samkvæmt gögnum frá Landmælingum Íslands.  
 Umbröf: Víglundur Jónsson Prentun: Guðjón Ó. Vistvaen prentsmiðja Útgáfunúmer: UST-2009-11

